

Fundargerð samráðsnefndar bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundur samráðsnefndar bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga var haldinn þann 19. ágúst 2020. Samskipti um atriði fundarins fóru fram í tölvupóstssamskiptum.

Fulltrúar BSRB voru: Arna Jakobína Björnsdóttir, Árný Erla Bjarnadóttir, Garðar Hilmarsson, Guðbjörn Arngrímsson og Karl Rúnar Þórsson.

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga voru: Inga Rún Ólafsdóttir, Benedikt Valsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir, Margrét Sigurðardóttir og Berglind Eva Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Greiðsla fyrir bakvakt á dagvinnutímabili

Ný grein 1.6.3 um bakvakt á dagvinnutímabili hljóði svo:

1.6.3 Greiðsla fyrir bakvakt á dagvinnutímabili er 33,33% vaktaálag.

2. Grein 10.2.5 um grunnpróf á háskólastigi

Grein 10.2.5 um grunnpróf á háskólastigi breytist og hljóði svo:

10.2.5 Grunnpróf á háskólastigi. Ekki er gerð krafa um háskólamenntun í starfið.

Hafi starfsmaður, sem sinnir starfi þar sem ekki er gerð krafa um háskólamenntun, lokið háskólaprófi allt að 180 ECTS, er heimilt að meta nám hans til 2% persónuálags fyrir hverjar 30 ECTS einingar.

Sé þessi heimild nýtt ávinnur starfsmaðurinn sér ekki persónuálag samkvæmt gr. 10.2.1, 10.2.3 og 10.2.4.

Hækkun samkvæmt grein þessari getur mest orðið 12% og skal taka gildi næstu mánaðamót eftir að starfsmaður leggur fram fullnægjandi gögn um námslok. Einingar eru aldrei tvítaldar.

Tilgangur samningsaðila með greininni er að auka hvata til að meta háskólamenntun starfsmanna sem sinna störfum sem ekki krefjast háskólamenntunar. Mælt er með því að heimildin sé nýtt þegar hún er starfsmanni hagstæðari.

Fleira var ekki gert